

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 454/2010****2011/EES/29/15**

frá 26. maí 2010

**um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 er varða ákvæði um merkingu fódurs (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 767/2009 er kveðið á um grundvallarendurskoðun á reglum ESB varðandi skilyrði fyrir markaðssetningu á fódurefnum og fódurblöndum og skv. 4. mgr. 32. gr. hennar eru heimilaðar ráðstafanir til að auðvelda aðlögun að nýju reglum.
- 2) Reglum um merkingar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 767/2009, skal beitt frá og með 1. september 2010. Þetta mun hafa í för með sér skyndilegar breytingar og koma í veg fyrir snurðulausa aðlögun hjá stjórnendum fódurfyrirtækja sem setja fódur á markað. Breytingar á hönnun og framleiðslu merkimiða og breytingar á núverandi véllum frá einum degi til annars yrðu kostnaðarsamar fyrir þessi fyrirtæki. Sú byrði sem af því leiðir yrði óhóflega íþyngjandi miðað við markmiðið með breytingunum. Því er rétt að kveða á um aðlögunartímabil en meðan á því stendur má, fyrir 1. september 2010, merkja fódur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009.
- 3) Að því er varðar fódur sem ætlað er fyrir gæludýr er að finna á markaðnum mikinn fjölda mismunandi vara með

sérstaka merkimiða. Miðað við núverandi reglur um merkingar á gæludýrafóðri eru einungis innleiddar breytingar á merkingum þessara vara í 15. gr. (f-lið), 17. gr. (f-lið, 1. mgr.) og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 og einungis er um að ræða smávægilegar breytingar sem hafa ekki áhrif á öryggi. Til að gera hlutaðeigandi stjórnendum fódurfyrirtækja kleift að aðlagast snurðulaust er réttlæt看legt að kveða á um aðlögunartímabil í eitt ár og á meðan er heimilt að nota núverandi merkimiða fyrir gæludýrafóður áfram eftir 1. september 2010.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þrátt fyrir aðra málsgrein 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 og með fyrirvara um tilskipanir ráðsins 79/373/EBE <sup>(2)</sup>, 82/471/EBE <sup>(3)</sup>, 93/74/EBE <sup>(4)</sup> og 96/25/EB <sup>(5)</sup> má setja fódur, sem er merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009, á markað frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

2. gr.

Þrátt fyrir aðra málsgrein 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 má setja fódur, sem ætlað er fyrir gæludýr og sem merkt er í samræmi við tilskipun 79/373/EBE og 16. gr. tilskipunar ráðsins 70/524/EBE <sup>(6)</sup>, á markað til 31. ágúst 2011. Eftir þá dagsetningu má fódrið vera á markaði þar til birgðir þrýtur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 128, 27.5.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 237, 22.9.1993, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---